



## Fundur háskólaráðs 7. apríl 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludvig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 31.03.2006  
Dags: 07.04.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

04/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, föstudaginn 7. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 15.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Arnfríður Guðmundsdóttir (varamaður Vilhjálms Árnasonar), Erna Kristín Blöndal (varamaður Bryndísar Harðardóttur), Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir (varamaður Eiríks Tómassonar). Inga Jóna Þórðardóttir boðaði forföll og varamaður hennar jafnframt. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð seinasta fundar var lögð fram.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Drög að reglum um starfsskyldur háskólakennara og sérfræðinga, tillaga starfshóps, sbr. fund ráðsins 2. mars sl.

Inn á fundinn komu Guðmundur R. Jónsson, formaður samráðsnefndar um kjaramál, og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir starfsmannastjóri, og gerðu grein fyrir framlögðum gögnum. Málið var rætt ítarlega og svöruðu þau Guðmundur og Guðrún framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni bar Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, fulltrúi félagsvísindasviðs, upp þá breytingartillögu að í 3. grein verði bætt við orðunum „eða fimm [ár] eftir því hvort hagstæðara er fyrir viðkomandi“, á þremur stöðum og til samræmis við 5. gr.

- Drög að reglum um starfsskyldur háskólakennara og sérfræðinga samþykkt samhljóða svo breytt, en fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora sat hjá við umræðu og afgreiðslu málsins.

#### 1.2 Stofnanasamningur Háskóla Íslands og aðildarféлага BHM sem aðild eiga að kjarasamningi dags. 28. febrúar 2005. Staða mála.

Guðmundur R. Jónsson og Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir gerðu grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt samhljóða með sömu breytingum og í dagskrárlið 1.1, en fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora sat hjá við umræðu og afgreiðslu málsins. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir óskaði eftir því að bókað yrði að hún samþykkti hvort tveggja, starfsskyldureglurnar og stofnanasamninginn, í trausti þess að það endurspeglar vilja félagsmanna í Félagi háskólakennara og Félagi prófessora.

Að atkvæðagreiðslu lokinni þakkaði rektor öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning þessara mála, einkum fulltrúum í samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál og fulltrúum samninganefndar kennarafélaganna.

**1.3 Samstarfsamningur H.Í. og LSH, sbr. drög sem lögð voru fram til kynningar í ráðinu 23. mars sl.**

Inn á fundinn kom Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu. Rektor og Þórður gerðu grein fyrir málinu og var það rætt.

- Framlagður samstarfssamningur H.Í. og LSH samþykktur einróma.

**1.4 Tilnefning fulltrúa Háskólans í stjórn Flugkerfa hf., sbr. síðasta fund.**

Inn á fundinn kom Ebba Þóra Hvannberg, dósent í tölvunarfræðiskor verkfræðideildar, og fulltrúi Háskólans í stjórn Flugkerfa hf., og gerði grein fyrir starfsemi og rekstri félagsins. Í máli Ebbu Þóru kom m.a. fram að jákvæður viðsnúningur hafi orðið í rekstrinum frá fyrra ári. Málið var rætt og svaraði Ebba Þóra framkomnum spurningum og athugasemdum. Þakkaði rektor henni fyrir greinargerðina.

- Afgreiðslu málsins frestað og óskað eftir því að ársreikningur Flugkerfa hf. fyrir árið 2005 verði lagður fram í háskólaráði.

Fleira var ekki gert.  
Fundu slitið kl. 17.10.